

Nd.

335. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að semja frumvarp til laga um slysatryggingar.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um almennar slysatryggingar, og hafi nefndin lokið starfi sínu fyrir 15. febrúar 1925.

Nefndina skal skipa þannig: einn nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Fjelags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, en hinn þriðja tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn fá hver um sig 100 króna þóknun fyrir starfa sinn, er greiðist úr rikissjóði að löknu starfi.

Ástæður.

Á allmörgum þingum, bæði fyr og seinna, hefir því verið hreyft, að koma þyrfti á almennum slysatryggingum. Hafa og nokkrum sinnum verið samþyktað ályktanir frá Alþingi, þar sem skorað hefir verið á ríkisstjórnina að koma fram með frv. um þetta efni. Hefir þetta enn eigi orðið. Hjer er farið fram á það, að atvinnumálaráðherra skipi þriggja manna nefnd til þess að semja frv. um almennar slysatryggingar, og er i tillögunni ákveðið, hvernig nefndin skuli skipuð. Verði samkomulag um ákvæði frv. hjá þeim aðiljum, verður að vænta þess, að það gangi fram á Alþingi.

Vilji annarhvor þeirra, sem tillögur eiga að gera um mann í nefndina, ekki benda á neinn, er rjett, að atvinnumálaráðherra tilnefni mann í staðinn.